

Skrifstofa Alþingis

Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík 01. nóvember 2012

Umsögn um Neytendalán

Neytendalánafyrirtækið Múla fagnar framkomnu frumvarpi um neytendalán og telur fyrirhugaða lagasetningu á þessu sviði bæði þarft og nauðsynlegt verkefni. Múla hefur frá stofnun, í ársbyrjun 2012, stutt allar hugmyndir um slíka löggjöf og hefur áður lýst vilja til að lúta eftirliti Neytendastofu hvað þetta varðar.

Á sama hátt fagnar Múla framkomnum hugmyndum í frumvarpinu sem kveða á um að væntanlegir lántakendur undirgangist greiðslumat til að meta lánshæfi þeirra áður en fyrirhuguð lántaka er afgreidd.

Múla hefur frá stofnun látið alla væntanlega lántakendur neytendalána undirgangast slíkt greiðslumat með góðum árangri. Viðskiptavinir okkar hafa lýst yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag, sem hefur leitt til góðs og árangursríks sambands Múla og fjölmargra viðskiptavina fyrirtækisins. Verði fyrirhugað frumvarp að lögum, mun þessi liður því einungis styrkjast, sem Múla telur jákvætt skref, þó í þessu ákvæði felist vissulega íþyngjandi ákvæði fyrir reksturinn með ítarlegri skilyrðum.

Múla telur hins vegar að Neytendastofa þurfi skýrari heimildir til eftirlits og aðgerða á sviði neytendalána, en fram koma í áðurnefndu frumvarpi. Er því beint til efnahags- og viðskiptanefndar að skýra enn frekar aðkomu og heimildir Neytendastofu á þessu sviði frá því sem nú er.

Múla gerir að sama skapi athugasemdir við álit Samkeppniseftirlitsins sem vitnað er til í tengslum við þetta mál. Þar kemur fram að ekki sé virk samkeppni á markaði neytendalána. Þetta er því miður alröng staðhæfing hjá Samkeppniseftirlitinu. Frá því að Múla kom á markaðinn í ársbyrjun 2012 hefur vaxtastig neytendalána lækkað mjög verulega, neytendum til hagsbóta. Á sama tíma jókst þjónustustig og sveigjanleiki umtalsvert. Því er staðreyndin sú að mjög virk samkeppni ríkir á þessum markaði sem svo sýnir fram á að lög um vexti eru algjörlega óþörf.

Ennfremur gerir Múla athugasemd við ákvæði um hámarksvexti. Látið er í veðri vaka að það sé lykilatriði í lagasetningu hvað neytendalán varðar en eins og áður hefur verið bent á myndi styrking á eftirlitssviði Neytendastofu skipta mun meira máli og jafnframt hefur verið sýnt fram á að samkeppni er virk á þessum markaði.

Í greinargerð með frumvarpinu sem lagt hefur verið fram er tekið dæmi um 50% hámarksvexti á neytendalán. Einfalt reikningsdæmi sýnir að einungis 2%

afskriftahlutfall myndu leiða til þess að tap er á útlánastarfseminni áður en tekið er tillit til annarra þátta, eins og til dæmis rekstrarkostnaðar. Ástæða þessarar staðreyndar eru lágur lánsfjárhæðir sem lánaðar eru til mjög skamms tíma. Múla gerir því alvarlegar athugasemdir við þetta ákvæði frumvarpsins og hvetur efnahags- og viðskiptanefnd til að fella það á brott ella muni löggjöfin leiða til þess að ómögulegt verði að veita neytendum þessa þjónustu. Þörfinni, sem þó augljóslega er til staðar, þurfi þá að sinna af öðrum lánveitendum í samfélaginu, t.d. bönkum, sem þó hafa ekki sýnt því nokkurn áhuga að veita þessa þjónustu eða sinna með öðrum hætti þörf þessa neytendahóps.

Múla hefur frá því að fyrirtækið kom á markað sinnt frumkvöðlahlutverki varðandi atriði sem önnur neytendalánafyrirtæki tóku í framhaldi upp og löggjafinn telur nú þörf á að setja í lög. Má þar nefna t.d. að:

1. Múla var fyrst neytendalánafyrirtækja til að lána eingöngu þeim sem eru tvítugir eða eldri.
2. Múla frá upphafi viðhaft greiðslumat áður en lán er veitt.
3. Hægt hefur verið að falla frá lántöku hjá Múla hvenær sem er og lántakandi þá aðeins greitt hluta vaxtanna, sbr. ákvæði laga um fjarsölu.

Forsvarsmenn Múla fagna eins og áður sagði framkomnu frumvarpi, en leggja fram þá ósk að fá að koma fyrir nefndina til að fjalla enn frekar um málið.

F.h. Múla

Birkir Björnsson

Framkvæmdastjóri